

## Fundargerð

20. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 8. Febrúar 2022, á Zoom,

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð – Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá fundi 19. samþykkt. Staðfestar rafrænar ákvarðanir frestun MÍ 11-14 ára feb. 22.

### 2. RIG uppgjör

Framkvæmdastjóri og fleiri gerðu grein fyrir RIG, undirbúningi og starfsemi. Mótið fór fram vonum framar og gekk vel. Afrek með ágætum og nokkur mótsmet. Stjórn FRÍ þakkaði öllum sem komu að mótshaldinu fyrir góð störf, starfsmönnum og keppendum svo og RÚV. RIG nefndinni er sérstaklega þakkað fyrir.

### 3. Ársþing FRÍ

Formaður gerði grein fyrir undirbúningi. Farið yfir hugsanlega lagabreytingar, starfsmenn þingsins, nefndarstörf, dagsetningar og ársskýrslu. Ákveðið að hafa rammann kláran eftir tvær vikur.

### 4. 75 ára afmæli FRÍ

Framkvæmdastjóri sagði frá undirbúningi. Meðstjórnandi sagði frá ýmsum málum frá Svíþjóð. Varaformaður gerði grein fyrir viðburðarviku á Evrópuvísu. Rætt um ýmsa viðburði og mótahald. Rætt um viðurkenningar.

### 5. Fjármál FRÍ

Farið yfir fjármál FRÍ og ársuppgjör 2021. Gjaldkeri gerði grein fyrir framvindu ársreiknings 2021 m.t.t. ársþings. Farið yfir fjármagn frá afrekssjóð ÍSÍ.

### 6. Tæknimál

Formaður segir frá ýmsum breytingum í tæknimálum FRÍ. Framkvæmdastjóri fylgir málunum einnig eftir.

### 7. Önnur mál

A. Framkvæmdastjóri sagði frá styrkveitingu. Stjórnin þakkar gott kast.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:03 með því að fundarmenn hlýddu á góðar salatuppskriftir sem voru prufukeyrðar á RIG.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.